

## REGLUGERÐ

### um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

#### 1. gr.

Skipum sem heimild hafa til veiða á úthafsrækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli  $14^{\circ}30'V$  og  $23^{\circ}00'V$  allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi  $245^{\circ}$  frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af  $23^{\circ}40'V$  og að norðan af  $64^{\circ}05'N$ .
3. Fyrir Vesturlandi austan  $25^{\circ}30'V$  milli  $64^{\circ}00'N$  og  $65^{\circ}30'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri. Þó er skipum með aflvísi 2500 eða lægri, heimilt að stunda veiðar á svæðinu.
4. a. Fyrir Norðurlandi á svæði milli  $21^{\circ}10'V$  og  $18^{\circ}00'V$  innan línu sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar allt árið öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri og skipum með aflvísi 2000 eða hærri.
- b. Fyrir Norðurlandi á svæði frá línu sem dregin er réttvísandi norður frá Horni að  $18^{\circ}00'V$  sunnan  $66^{\circ}40'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar, öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 15. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar, sbr. þó a-lið.
- c. Fyrir Norðurlandi á svæði milli  $18^{\circ}00'V$  og  $16^{\circ}00'V$  sunnan  $66^{\circ}40'N$  eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 15. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 og lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa heimilar bátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri og bátum með aflvísi 850 og lægri frá og með 15. mars til og með 15. október ár hvert, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rífsness og Ásbúðarrifs.

#### 3. gr.

Skylt er við rækjuveiðar á svæði sem skilgreint er í 1.-2. gr. að nota seiðaskilju við veiðarnar.

Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. apríl 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. apríl 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

## 1. gr.

Heimilt er, að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar, að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa eða nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín og eru á bilinu 4.000 kg til 9.999 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 2. gr.

Endurgreiðsla ökumæla samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

- a. Þeir sem keyptu mæla frá 18. júní 2004 til 31. október 2004 fá endurgreiddan 1/5 hluta.
- b. Þeir sem keyptu mæla frá 1. nóvember 2004 til 31. janúar 2005 fá endurgreidda 2/5 hluta.
- c. Þeir sem kaupa mæla frá 1. febrúar 2005 til 30. apríl 2005 fá endurgreidda 3/5 hluta.
- d. Þeir sem kaupa mæla frá 1. maí 2005 til 30. júní 2005 fá endurgreidda 4/5 hluta.

Endurgreiðsla skal að hámarki nema 6.000 kr. samkvæmt a-lið, 12.000 kr. skv. b-lið, 18.000 kr. skv. c-lið og 24.000 kr. skv. d-lið.

## 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en 1. október 2005.

Umsókn skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Einungis skráður eigandi bifreiðar á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka umsókn um endurgreiðslu og ganga úr skugga um að skilyrðum reglugerðar þessarar sé fullnægt. Ríkisskattstjóri skal að rannsókn lokinni tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu sé skilyrðum reglugerðarinnar fullnægt. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

## 4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal fylgja afrit fullnægjandi reiknings frá verkstæði sem ríkisskattstjóri hefur veitt heimild til að setja ökumæla í bifreiðar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 308/1996, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.